Áttavitinn.
1 blað qto.

8.

Þolinmæði Harrisons var í þrotum, en þótt hann væri framúrskarandi geðrínn maður og kurteis, brast þolinmæði hans að lokum og hann neyddist til að skrifa nefndinni harðort bréf og krefjast verðlaunanna, sem allir vissu, að hann átti skilið að fá, undanbragðalaust. Þetta hafði þau áhrif á nefndina og árangur fyrir Harrison að hann fékk eftirstöðvar verðlaunanna að fullu greidd, en þó eigi fyr en árið 1773 eða þrem árum áður en hann andaðist, 83 ára að aldri.

## Áttavitinn.

Svo virðist, sem áttavitinn hafi verið þektur og notaður í Kína jafnvel 1100 árum fyrir Kristsburð. Arabiskur rithöfundur einn nefnir áttavita, er notaður hafi verið árið 1280 í siglingu um Miðjarðarhafið.

Það er því frá þeim tíma, eða um lok 13. aldar, að áttavitinn er kunnur Norðurálfumönnum. — Það er segulmagnið í jörðinni, einkum fjöllunum og í málmunum, ~~einkum~~ járninu, sem hefir þau áhrif á segulnál áttavitans, að hún snýst ávalt eftir áttunum og leitar heimskautanna; hér á norðurhveli jarðar, leitar hún ávalt í norður. Þetta fer þó eftir því hvar áttavitinn, sem afstöðuna mælir, er notaður á hnettinum.

Nýjasti áttavitinn er 10-20 ára að aldri, en hann lýtur ekki segulmagninu, — hann heitir Gíró-áttaviti — og ef maður hugsar sér skopparakringlu, sem snýst 8600 snúninga á mínútu, er norðrið ávalt þar, sem skopparakringlan sýnir ásinn, sem hún snýst um. Gíró-áttavitinn er mest notaður í herskipum.